

Forvarnaáætlun Borgaskóla

gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn
börnum og ungmennum

Unnin af forvarnateymi Borgaskóla

Febrúar 2024

Innihald

Inngangur	3
Skilgreiningar	4
Hvað er vanræksla?	4
Hvað er líkamlegt ofbeldi?	4
Hvað er andlegt ofbeldi?	5
Hvað er kynferðislegt ofbeldi?	5
Hvað er áhættuhegðun barns?	6
Einkenni og afleiðingar ofbeldis:	6
Fræðsla til starfsfólks	8
Fræðsla til nemenda	9
Fræðsla til foreldra	11
Viðbragðsáætlun og verklag - fylgiskjal 1	12
Matslisti - fylgiskjal 2	13

Inngangur

Forvarnaáætlun Borgaskóla gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum byggir á aðgerð C.1 í aðgerðaráætlun með þingsályktun nr. 37/150. Endanlegt markmið þingsályktunarinnar er að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði samþættar kennslu og skólastarfi. Verkefni forvarnateymis er að styðja við að þessi samþætting skili sér í raun í kennslu til allra árganga grunnskólans. Forvarnateymi gerir í samvinnu við skólastjóra áætlun um forvarnakennslu til allra árganga fyrir hvert skólaár á meðan ekki hefur náðst að endurskoða skólastefnu en eftir að samþætt skólastefna liggur fyrir er teymið til stuðnings um framkvæmd hennar og eftirfylgni. Teymið skal sjá til þess að fyrir hendi sé áætlun um viðbrögð þegar börn greina frá áreitni eða ofbeldi eða grunur vaknar um slíkt og styðja við framkvæmd slíkrar áætlunar. Teymið skal sjá til þess að starfsfólk skólans fái fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi í samræmi við aðgerð C.2.

Áætlunin er unnin af forvarnateymi Borgaskóla og er hlutverk teymis skýrt á eftirfarandi hátt:

- Teymið skal tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
- Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð vinnubrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllum sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnateymi.

Forvarnateymi Borgaskóla var stofnað í nóvember 2022 og hófst þá vinna við þessa forvarnaáætlun. Breytingar hafa orðið á skipan teymisins og eru fyrrverandi meðlimir skráðir í sviga. Forvarnateymið skipa:

Ásgerður Breiðfjörð Ólafsdóttir forstöðumaður frístundaheimilisins Hvergilands, (Bergljót Þorsteinsdóttir skólahjúkrunarfræðingur), Hildur Birna Helgadóttir skólahjúkrunarfræðingur, Ester Helga Líneyjardóttir skólastjóri, (Guðrún Birna Ólafsdóttir félagsráðgjafi á Austurmiðstöð), Edda Laufey Bjarnadóttir félagsráðgjafi á Austurmiðstöð, Harpa Lind Guðnadóttir aðstoðarforstöðumaður frístundaheimilisins Hvergilands, Kristín Guðrún Reynisdóttir sálfræðingur á Austurmiðstöð, (Helga Hjördís Lúðvíksdóttir

aðstoðarforstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Vígyn), Stefán Örn Kárason forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Vígyn, Ingunn Margrét Óskarsdóttir umsjónarkennari á miðstigi, Púriður Jóna Ágústsdóttir aðstoðarskólalastjóri Borgaskóla.

Skilgreiningar

Hvað er vanræksla?

Vanræksla getur verið bæði líkamleg og andleg. Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem ítrekaður skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líklegur til að leiða til skaða á þroska barnsins. Líkamleg vanræksla getur þýtt að barnið fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem það þarfnast til að dafna og getur stefnt heilsu þess og þroska í hættu. Þegar umönnun og/eða aðbúnaði barns er endurtekið ábótavant telst það sem vanræksla.

Sem dæmi má nefna að:

- Vanræksla getur falist í því að líkamlegar þarfir barns eru ekki uppfylltar.
- Vanræksla getur stafað af því að foreldrar eru ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur snúið að skorti á umsjón og eftirliti með barninu, t.d. ef barn er skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa aldur eða þroska til.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns, t.d. ef barn kemur ítrekað í skólann án nauðsynlegs aðbúnaðar og ábendingar til foreldra bera ekki árangur.

Hvað er líkamlegt ofbeldi?

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris, umönnunaraðila eða annars aðila, sem leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess að skaðast líkamlega. Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er meitt viljandi á einhvern hátt eða þegar ofbeldi er beitt á óbeinan hátt. Líkamleg ummerki þurfa ekki alltaf að vera sjáanleg en líkamlegt ofbeldi gegn börnum varðar við lög.

Þá er nauðsynlegt að hafa í huga að:

- Það er líkamlegt ofbeldi þegar barn er slegið, þegar barn er hrist, þegar barni er hent til, þegar barn er brennt eða þegar barn er bundið.

- Það er líkamlegt ofbeldi ef barni eru viljandi gefin hættuleg lyf eða annað sem getur skaðað það.
- Það er ofbeldi ef framkvæmdir eru ónauðsynlegar, sársaukafullar eða óafturkræfar aðgerðir á barni.
- Líkamlegar refsingar barna varða við barnaverndarlög.

Hvað er andlegt ofbeldi?

Það getur reynst flókið að greina andlegt ofbeldi en það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið, ekki síður en líkamlegt ofbeldi. Það telst andlegt ofbeldi ef foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barni viðvarandi og endurtekið neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem kemur í veg fyrir þróun jákvæðrar sjálfsmýndar barns.

Þá er mikilvægt að muna að:

- Það er andlegt ofbeldi ef barn verður vitni að ofbeldi milli aðila sem eru nánir barninu.
- Algjört aðgerðarleysi gagnvart barninu er andlegt ofbeldi, eins og að sýna barninu engar tilfinningar.
- Viðhorf eða hegðun sem segir að barnið sé einskis virði, að engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það er andlegt ofbeldi.
- Það er andlegt ofbeldi þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt.

Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

Kynferðislegar athafnir gagnvart barni eru kynferðislegt ofbeldi, enda getur barn undir kynferðislegum lögaldri ekki gefið upplýst samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sökum ungs aldurs og þroska. Það á einnig við þegar kynferðislegum orðum eða myndum er beint að barni.

Má þar nefna sem dæmi:

- Barn er látið horfa á klámefni eða kynfæri eða myndir teknar af barni í þeim tilgangi að örva kynferðislega.
- Barni eru sýndar kynferðislegar myndir, kynferðislegum orðum beint að því, einnig þegar barn verður fyrir kynferðislegri áreitni á rafrænan hátt, til dæmis á samfélagsmiðlum.

- Kynfæri barns snert eða barn látið snerta á kynfærum einhvers.
- Samfarir við barn.

Hvað er áhættuhegðun barns?

Það er áhættuhegðun þegar barn hegðar sér á einhvern þann hátt sem skaðar það eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska eða hegðun barns hefur skaðleg áhrif á umhverfi barnsins eða aðra einstaklinga.

Má þar nefna sem dæmi:

- Neysla áfengis, vímuefna og annarra efna sem eru hættuleg heilsu og þroska barns.
- Barn skaðar sjálf sig með því að veita sér áverka.
- Barn stundar afbrot t.d. skemmdarverk eða fer ekki eftir lögbundnum útivistartíma barna.
- Barn neytir koffindrykkja í slíku magni að það getur haft slæm heilsufarsleg áhrif og koffinneysla fer yfir heilsuverndarviðmið.
- Barn á í erfiðleikum í skóla þrátt fyrir aðstoð foreldra.
- Barn beitir aðra ofbeldi.

Einkenni og afleiðingar ofbeldis:

Einkenni og afleiðingar ofbeldis eru ekki alltaf sýnilegar, rétt eins og áverkar eru ekki alltaf sýnilegir. Einkenni og afleiðingar geta einnig verið mjög mismunandi eftir aldri barns, sem verður fyrir ofbeldinu, viðbrögðum við ofbeldinu og hvaða stuðning barnið fær eftir áfallið. Kynferðisofbeldi í æsku getur haft alvarlegar og langvarandi líkamlegar, sálfræðilegar og félagslegar afleiðingar.

Þrátt fyrir ólík einkenni ofbeldis á börn eru þó nokkur einkenni sem gott er að hafa í huga og vera meðvituð um:

- Árásargjörn hegðun, barn á erfitt með að hemja skap sitt.
- Dregur sig í hlé frá vinum og fjölskyldu.

- Svefnvandamál og martraðir.
- Aukinn orðaforði um kynfæri.
- Kvartar yfir sársauka, pirringi og/eða sýkingar eru á eða við kynfæri.
- Áverkar eru sýnilegir á kynfærum.
- Barnið vill ekki vera skilið eitt eftir með ákveðnum einstaklingum.
- Barnið sýnir kynferðislega hegðun gagnvart leikföngum, öðrum börnum eða í teikningum.
- Barnið er farið að gera aftur hluti sem það er vaxið upp úr eins og að pissa á sig, gráta eða vera mjög háð þeim sem þau treysta.

Mikilvægt er að muna að einkenni barna eftir ofbeldi eru einnig mismunandi eftir aldri og þroska þeirra.

Hjá eldri börnum og unglíngum eru einkennin oft:

- Erfiðleikar í skóla og vinnu.
- Afbrot og andfélagsleg hegðun.
- Áfengis- og vímuefnanotkun.
- Erfiðleikar með persónulegar skuldbindingar eins og ástarsambönd.
- Sjálfsvígshugsanir.
- Ofbeldi gegn ástvini

Fræðsla til starfsfólks Borgaskóla

Tímabil	Fræðsla	Fyrirkomulag
Ágúst	Allt starfsfólk horfir á myndband/tekur þátt í námskeiði	Netnámskeið um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi. Hver og einn lýkur námskeiðinu.
September	Staðalmyndir, félagsmótun og samskipti	Fræðsla frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur
Október	Skyndihjálp	Fræðsla á vegum Austurmiðstöðvar
Nóvember	Áhrif klámvæðingar á samskipti ungmenna	Fræðsla frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur
Apríl	Þegar barn sýnir óæskilega kynhegðun	Námskeið með Kolbrúnu Hrund

Fræðsla til nemenda

Árgangur	Efni	Fræðsla hjúkrunarfr	Ítarefni	Frístund	Félagsmiðstöð
1.bekkur	Halló heimur 1 - einka- staðirnir Komdu og skoðuðu líkamann Ég veit	Hamingja/Líkaminn minn - Slysavarnir	Kynfræðsla		
2.bekkur	Líkaminn minn tilheyrir mér Kyn, kynlíf og allt hitt (valin verkefni) Halló heimur 2 (Verum örugg og Hver er ég?) Ég veit	Hamingja, tilfinningar	Krakkarnir í hverfinu Kynfræðsla		
3.bekkur	Leyndarmálið - Segjum nei, segjum frá Kyn, kynlíf og allt hitt (valin verkefni) Ég veit	Hollusta, hreyfing, hamingja, hreinlæti - verkefnabók	Kynfræðsla		
4.bekkur	Stuttmyndin Segðu frá	Hamingja, kvíði - Slysavarnir - 112	Kynfræðsla		

	Tölum um ofbeldi Kyn, kynlíf og allt hitt (valin verkefni) Ég veit				
5.bekkur	Stattu með þér Betra að segja en þegja Kyn, kynlíf og allt hitt (valin verkefni)	Hamingja, samskipti	Kynfræðsla		
6.bekkur	Maðurinn Betra að segja en þegja	Kynþroski	Kynfræðsla Alls kyns um kynþroskann		
7.bekkur	Kynþroskinn Kyn, kynlíf og allt hitt (valin verkefni) Ég og sjálfsmyndin Kynfræðsla Sexan		Fræðsla frá samtökunum 78 Hinsegin frá ö-a Kennslubók https://mms.is/namsefni/ertu-vinnubok-i-lifsleikni-rafbok		
Allir	Sáttnáli Borgaskóla gegn ofbeldi				

Fræðsla til foreldra

Forvarnafræðsla til foreldra þarf að vera hnitmiðuð og huga þarf að því að fræðslan sé á nokkrum tungumálum eða að boðið sé upp á tülkaþjónustu.

Eftirfarandi fræðsla er í boði fyrir foreldra Borgaskóla:

- Fræðsla frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur þar sem foreldrar mæta á sal skólans.
- Forvarnafræðsla fyrir foreldra á vegum Austurmiðstöðvar er haldin reglulega yfir skólaárið. Umfjöllunarefnið snýr að forvörnum og bjargráðum fyrir foreldra. Upplýsingar um fræðsluna eru sendar foreldrum bæði í gegnum samfélagsmiðla og í tölvupósti.
- Foreldrar fá upplýsingar um hvaða fræðslu nemendur fá í skólanum með föstudagspóstum frá umsjónarkennurum.
- [Barna- og fjölskyldustofa](#) veitir sálfræðiþjónustu fyrir börn sem sýna merki óviðeigandi kynhegðunar.
- Foreldrum bent á <https://stoppofbeldi.namsefni.is/hvert-get-eg-leitad/>

Viðbragðsáætlun, viðbragðsferill og verklag

Verklag:

Mikilvægt er að starfsfólk fylgi viðbragðsáætlun um fyrstu viðbrögð ef grunur leikur á ofbeldi, vanrækslu- eða áhættuhegðun. Áætlunin er hér í kafla 3: <https://stoppofbeldi.namsefni.is/wp-content/uploads/2022/04/vidbragdsa%CC%81aetlun1.pdf>

Viðbragðsferill:

Þegar starfsmaður skráir málsatvik þarf að fylla út eftirfarandi skjal, prenta það út og skila inn til næsta yfirmanns eða til barnaverndar/112: <https://stoppofbeldi.namsefni.is/wp-content/uploads/2022/12/vidbragsferill.pdf>

Viðbragðsáætlun:

https://stoppofbeldi.namsefni.is/wp-content/uploads/2022/04/vidbragdsa%CC%81aetlun1_taflo.pdf